

Fornleifaskráning vegna Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030

Nýbyggingarsvæði í Kotárborgum



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur Ma.
Apríl 2018

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.	3
LÖG UM MENNINGARMINJAR.....	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	5
SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	6
SKRÁNING 2018	8
NIÐURSTÖÐUR	8
HEIMILDIR:	8
FORSÍÐUMYNDIR:	9
AFMÖRKUN SKRÁNINGARSVÆÐISINS	9

INNGANGUR

Fornleifaskráning fyrir afmarkað svæði í landi Kotár sem ber heitið Kotárborgir á Akureyri fór fram í september 2017 og febrúar 2018 að beiðni sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrar vegna Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030. Katrín Gunnarsdóttir fornleifræðingur MA sá um skráningu, vettvangsskoðun og skýrslugerð.

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

LÖG UM MENNINGARMINJAR.

Í 1. grein laga um menningarminjar segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfarandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skyld er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem

unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1
Lög nr. 80 29. júní 2012.2

AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafan, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið og skoða skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráning felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún mæld og ljósmynduð.

Ef fornleifar finnast á svæðinu fá þær nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar, hér er númerið 1922, og að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins 1922-1 o.s.frv. Ef fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu eru númerin á skráðum fornleifum úr þeirri skýrslu látin fylgja í sviga (Ey-x-x í eldri skráningunni).

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hýbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hveru mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofnunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess

sérstaklega getið, ásamt töflu þar sem eru upplýsingar varðandi hverja fornleif svo sem sérheiti, og ef það hefur verið hlutverk, tegund, ástand, hættumat, hættuorsök, áætlaður aldur. Staðsetning minja er einnig gefin upp í töflum í ísnethnitum ISN 93.

SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Afmörkun skráningarsvæðisins Kotárborgir ÍB11 eins og það er afmarkað í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er að finna aftast í skýrslunni. Aðalskipulagið er unnið af skipulagssviði Akureyrar og nær yfir nyrðri hluta íbúðarsvæðareits ÍB11. Reiturinn er í landi Kotár.

Í aðalskipulaginu segir:

Almenn ákvæði:

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis og muni ekki valda óþægindum vegna mengunar eða umferðar, svo sem verslunum, þjónustustarfsemi, leiksvæðum og hreinlegum iðnaði. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa varðandi nágrenni við slíka starfsemi. Bensínafgreiðslur eru ekki heimilar í íbúðarhverfum. Rekstrarleyfisskyld skammtímaleiga er þannig óheimil á íbúðarsvæðum nema kveðið sé á um það í aðalskipulagi einstakra reita og skal þá skilgreina það í deiliskipulagi ásamt fjölda og hlutfalli gistiæininga á íbúðarreitnum. Gilda þá lög um fjöleignarhús nr. 26/1994 varðandi samþykki meðeigenda og lög um mannvirki nr. 160/2010 varðandi breytta notkun húss. - Leiksvæði innan íbúðarsvæða eru ekki merkt á aðalskipulagsupprætti.

Um reit ÍB11 segir

Þéttingarsvæði, ódeiliskipulagt. 90-130 íbúðir, blönduð byggð, einbýlis- rað- og fjölbýlishús.

Byggðin skal felld að landslagi, klöppum, útivistarsvæðum norðan og vestan svæðisins og svæði á náttúru-minjaskrá við Glerá. Klappir verði óhreyfðar eins og kostur er og ekki verði farið í uppbyggingu svæðisins fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknnum. Endanleg tala íbúða miðast við þá útfærslu og verður ákveðin í deiliskipulagi.

Landið sem skráð er afmarkast af Þingvallastræti til til suðurs, vendarsvæði við Glerárgil til vesturs, ísaldarklöppum til norðurs og íbúðarbyggð til austurs. Næst Þingvallastrætinu eru leikskólinn Pálmholt byggður 1955 og þar var gamalt íbúðarhús Flúðir sem nú er nýtt sem hluti af leikskólanum. Leikskólinn verður lagður niður á skipulagstímabilinu. Landið til norðurs er flatlent og óraskað, að

mestu grasi vaxið, en einstaka klappir stinga sér upp. Mýrlent er austast á svæðinu.

Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráningu í landi Kotár, sem var gerð 1997.

Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII

Fornleifar í landi Stóra-Eyjarlands og Kotár.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson

Minjasafnið á Akureyri/Fornleifastofnun Íslands

FS034-95025. Akureyri 1997

Í landi Kotár voru þá skráðar 8 minjar. Ey: 298:001- Ey: 008.

Saga

Elstu skjalaheimildir um jarðir í Eyjafirði eru Auðunarmáldagi frá 1318.

Miðaldaheimildir um jarðir eru máldagar kirkna og klaustra, en einnig er jarðsölubréf heimildir um jarðir. (Fornleifaskráning 1997).

Ey-298 Kotá

Kotár er fyrst getið **1417** en þá afhendir Ingibjörg Loptsdóttir Ingunni Árnadóttur og Magnúsi Jónssyni manni hennar Eyjarland, Kotá og fleiri jarðir – DI IV. 1.7.

1538 selur Þorsteinn Torfason Ara lögmanni Jónssyni Eyjarland fyrir 100 hdr, Kotá fyrir 20 hdr og Rafnsstaði fyrir 30 hdr en Þorgerður Stulladóttir, kona Þorsteins, hafði erft þessar jarðir eftir Bjarna Stullason bróður sinn – DI X, 367. 1.1.

1558 meðkennir Helga Aradóttir að hún hafi gefið Þóru systur sinni samborinni hálfa jörðina Eyjarland og hálfa Kotá er hún reiknað sér til erfða fann eftir sína móður BG, 448-49. 2.7.

1670 selur Björn Gíslason Birni Pálssyni Stóra Eyjarland 100 hdr að dýrleika og Kotá 20 hdr fyrir harðir metnar samtals 130 hdr að dýrleika – Jarðabréf, 224. Steindór Steindórsson vill meina að þar sem Kotá stóð hafi áður verið Syðri-Glerá.

1712 jörðin metin samkvæmt jarðabók 20 hdr. Bændaeign. Þá í eyði frá 1710. Kotárgerði var býli innan túns en hafði legið í eyði undir 20 ár, “en þar fyrir lángrarandi bygt” og talið 1/3 jarðarinnar. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. X Eyjafjarðarsýsla Bls.202-203.

1847 Jarðatal Johnsens Jarðanúmer 298. Hrafnagilshreppur. Jörðin í bændaeign. Dýrleiki 20/100. Landskuld 00.50. Kúgildi 1. Ábúendur 1 leiguliði. 1802 er hér með talin eyðihjáleigan Kotárgerði. Bls.299.

1893 Jörðin var seld Akureyrarbæ, og bútaðist eftir það niður á erfðafestulönd. Búskap hætt **1966**. Túnakort hefur ekki verið gert.

SKRÁNING 2018

Skráningarnúmer Minjastofnunnar fyrir skráningarsvæðið er **1922**.

Við fornleifaskráningu í landi Kotár 1997 voru ekki skráðar neinar fornleifar á þessu svæði sem nú hefur verið tekið sem þéttingarsvæði í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030. Minjar í þessu afmarkaða landi Kotárborga voru ekki merkjanlegar og ekki heimildir um minjar á svæðinu. Við vettvangsskoðun 2017 á áðunefndu skipulagssvæði komu ekki í ljós neinar fornleifar. Það eru því ekki neinar fornleifar að gera grein fyrir.

NIÐURSTÖÐUR

Hafa ber í huga ákvæði laga um menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo:

“Áður ókunnar fornminjar.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangsskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.”⁵

⁵ Heimasíða Alþingis .Menningarminjar Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

HEIMILDIR:

Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII

Fornleifar í landi Stóra-Eyjarlands og Kotár.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson

Minjasafnið á Akureyri/Fornleifastofnun Íslands

FS034-95025. Akureyri 1997.

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1

Lög nr. 80 29. júní 2012.2

FORSÍÐUMYNDIR:

Á efri mynd til vinstri er horft til norðausturs frá suðurhluta svæðisins og á efri myndinni til norðurs. Á neðri mynd er horft til austurs frá vesturjaðri svæðisins.

AFMÖRKUN SKRÁNINGARSVÆÐISINS



Afmörkun skráningarsvæðisins samkvæmt Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030.